

1303544



HAFNARFJÖRÐUR

Ársskýrsla Byggðasafns Hafnarfjarðar 2012



INNANGUR

Byggðasafn Hafnarfjarðar er minja- og ljósmyndasafn Hafnarfjarðarbæjar. Hlutverk þess er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka muni og minjar um menningarsögu svæðisins og kynna þær almenningi.

Hafnarfjörður á sér ríka sögu, hver gata, hraunið, húsin, fjaran og fólkið allt á þetta sér fortíð, misjafna en alla mög merkilega vegna þessarar miklu og merkilegu sögu sem bærinn býr yfir töldu ráðamenn á sínum tíma nauðsynlegt að stofna byggðasafn. Saga Byggðasafns Hafnarfjarðar spannar nú sextú ár en hana má rekja til ársins 1953 er skipuð var Byggðasafnsnefnd í bænum. Nefndarmenn sáu um söfnun minja og ljósmynda og á

tiltölulega skömmum tíma var safnið orðið mikið að vöxtum. Það var svo árið 1974 að safnið fékk varanlegt húsnæði undir sýningastarfsemi er viðgerðum á Sívertsens-húsinu lauk. Árið 1988 áskotnaðist safninu Siggu-bær og snemma árs 1994 fékk safnið langþráð sýninga- og lagerhúsnæði í Smiðjunni, Strandgötu 50. Það var stækkað í tvígang, fyrst árið 1997 og svo aftur 1999 og hafði þá tvo veglega sýningasali ásamt góðu lagerhúsnæði. Árið 2004, í kjölfar þess að Sjóminjasafn Íslands var lagt niður, var sýningastarfsemi Byggðasafnsins flutt úr Smiðjunni yfir í Bryde-pakkhús að Vesturgötu 8 en lageraðstöðu fékk safnið í þjónustumiðstöð bæjarins við Hringhelli. Skömmu

síðar, árið 2006, var það húsnæði selt og þjónustumiðstöðin flutt að Norðurhelli og fékk safnið þá mjög vandað og varanlegt lagerhúsnæði að Hringhelli 14. Árið 2008, á hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar, bættist verulega í húsasafn Byggðasafnsins er, Beggu-búð, Bungalowið og Góðtemplarahúsið bættust við sem sýningahús en auk þess var sett upp varanleg sýningaaðstaða meðfram Strandstígnum þar sem settar eru upp ljósmyndasýningar ár hvert.

Í kjölfar fjármálahrunsins lenti safnið í verulegum þrengingum og niðurskurði sem komið hefur illa niður á starfsemi safnsins og þá sérstaklega miðlunarþætti þess. Nú er svo komið að innan við 1% þess fjár-

magns sem sett er í rekstur safnsins er hvorki bundið í launaliðum eða rekstri fasteigna, og gerir það safnið mjög háð utanaðkomandi styrkjum sem erfitt er að nálgast þegar svona árar. Ljóst er þó að tekið er að birta yfir fjármálum bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og því má reikna með að þær stofnanir sem hvað harðast urðu úti í niðurskurðinum fái leiðréttingar á sínum líðum hraðar og betur en þeir sem ekki tóku þátt í varnarvinnunni af sömu hörku. Ljóst er að framtíð Byggðasafns Hafnarfjarðar sé björt og mörg spennandi og skemmtileg verkefni framundan við varðveislu og miðlun menningararfisins á safnasvæði Byggðasafns Hafnarfjarðar.

SÝNINGAR

Byggðasafn Hafnarfjarðar heldur úti að jafnaði níu sýningum í sex húsum; Pakkhúsinu sem er aðal sýningahús safnsins, Sívertsens-húsinu, Bookless Bungalow, Beggubúð, Siggubæ og Góðtemplarahúsinu auk sýningar á strandstígnum.

PAKKHÚSIÐ – Í Pakkhúsinu voru þrjár sýningar á árinu 2012. Aðalsýningin var sýningin „Þannig var...“ þar sem sem saga Hafnarfjarðar og nágrennis er rakin frá landnámi til okkar daga með aðstoð sagnfræðilegra texta, ljósmynda, teikninga, kvikmynda og fjölda muna er glæða söguna lífi. Þar er hægt að fræðast um þýska

og enska tímabilið í sögu bæjarins, verslunarsöguna, útgerðarsöguna, íþróttasöguna, hernámið, kvikmyndahúsin og margt fleira. Á árinu 2012 var sýningin uppfærð og þróuð að litlu leyti og þá helst með uppsetningu Rafha-horns sem að grunni til er afrakstur þemasýningar ársins á undan.

Á efstu hæð Pakkhússins er að finna leikfangasýningu safnsins. Sýningin, sem hið margverðlaunaða enska sýningafyrirtæki Janvs Ltd. hannaði, er sérstaklega ætluð börnum. Á Byggðasafni Hafnarfjarðar er varðveitt mikið safn leikfanga og er hluti þess á sýningunni. Mununum er

skipt reglulega út og því er alltaf eitthvað nýtt að sjá á leikfangasýningu Byggðasafnsins.

Í forsal Pakkhússins eru settar upp nýjar þema- og farandsýningar á hverju vori og standa þær sumarlangt. Þeim er ætlað að varpa ljósi á ákveðin tímabil eða atburði í sögu bæjarins og nágrenni hans en þó eru þar einnig settar upp farandsýningar annars staðar frá. Á árinu 2012 var sett upp sýningin „Í anda kápólskrar mannúðar, Saga St. Jósepsspítala“. Á sýningunni var saga spítalans rakin allt frá því að Maríuprestaregla heilags Louis Grignon de Montfort, sem þá þjónaði kápólsku kirkjunni á Íslandi, keypti jörðina



Jófríðarstaði í Hafnarfirði árið 1922 og þar til spítalanum var lokað í desember 2011. Á sýningunni mátti meðal annars sjá, auk sagnfræðilegra texta um spítalann, fjölda muna og ljósmynda er vörpuðu ljósi á sögu þessarar merku stofnunar og því fórnfúsa starfi sem systurnar og annað starfsfólk spítalans unnu í Hafnarfirði í áráraðir.



SÍVERTSENS-HÚSIÐ

Sivertsens-húsið er elsta hús Hafnarfjarðar, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sivertsen. Hann var mikill athafnamaður í Hafnarfirði á árunum 1794-1830 og rak þá útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Bjarni var einn af fyrstu Íslendingunum til að fá verslunarleyfi hér á landi eftir daga einokunarverslunarinnar og hefur fengið viðurnefnið „faðir Hafnarfjarðar“. Húsið hefur verið gert upp í upprunalega mynd og er

þar sýnt hvernig yfirstéttarfjölskyldan í Hafnarfirði bjó í byrjun 19. aldar, auk þess sem varpað er ljósi á merkilega sögu Bjarna Sivertsen og fjölskyldu hans. Sýningin sem í húsinu er var að grunni sett upp á 200 ára verslunarafmæli Bjarna árið 1994 en á henni hafa verið gerðar veigamiklar breytingar árin 1999, 2000 og 2007.

BEGGUBÚÐ

Í Beggubúð er verslunarmínjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar. Húsið, sem byggt var árið 1906, stóð áður við aðalverslunargötu bæjarins en var flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem sýningahús árið 2008. Búðin er þrískipt og sýnir leikfangaverslun, raftækjaverslun og vefnaðarvöru- og fataverslun. Á hverju ári er sett upp ný gluggaútsýning auk þess sem sérstök jólaútsýning er sett upp á aðventunni.

BOOKLESS BUNGALOW

Bungalowvið var byggt sem íbúðarhús fyrir skosku bræðurna Harry og Douglas Bookless árið 1918 en þeir ráku umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar og voru þá áhrifamiklir og langstærstu atvinnurekendur í bænum. Eftir daga Bookless Bros tók annað breskt fyrirtæki, Hellyer Bros Ltd, frá Hull við eignum fyrirtækisins og rak blómlega útgerð um tíma. Húsið var opnað eftir endurbætur árið 2008 og er þar að finna sýningu um tímabil erlendu útgerðanna í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem þar má sjá stásstofu þeirra Booklessbræðra.

SIGGUBÆR – Erlendur Marteinson sjómaður byggði Siggubæ árið 1902. Dóttir hans, Sigríður Erlendsdóttir, var tíu ára gömul þegar hún flutti í húsið og bjó þar allt til ársins 1978, þegar hún fluttist á elli- og hjúkrunarheimilið Sólvang. Bær hennar er varðveittur sem sýnishorn af verkamanna- og sjómannaheimili í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar, þar sem hægt er að upplifa og kynnst því hvernig alþýðufólk í bænum bjó á þeim tíma. Á árinu 2005 var sett upp ný sýning í skúrnum við Siggubæ sem stendur enn lítið breytt og ber heitið „*Eru álfar kannski menn?*“ Þar eru sagðar hafnirskar álfasögur auk þess sem reynt er að útskýra þjóðtrúna og tildrög hennar.

GÓDTEMLARA-HÚSIÐ

Góðtemplarahúsið, sem í daglegu tali er kallað Gúttó, var byggt árið 1886 og þótti stórt, rúmaði um 300 manns en þá bjuggu

rúmlega 400 manns í Hafnarfirði. Góðtemplarahúsið var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnfirðinga og um langan tíma miðstöð allrar menningar í bænum. Þar fór fram félagsstarf Góðtemplarareglunnar, auk funda og skemmtana annarra félaga. Sökum niðurskurðar var ekki sett upp sumarsýning í Gúttó árið 2012 en húsið þó nýtt fyrir einstaka viðburði aðra.

STRANDSTÍGURINN

Á Strandstígunum meðfram höfninni í Hafnarfirði er Byggðasafn Hafnarfjarðar með sýningaaðstöðu. Þar eru settar upp ljósmyndasýningar er varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði. Á árinu 2012 voru settar upp tvær sýningar á Strandstígunum. Annars vegar var um að ræða myndir eftir Sigurð Jónsson (1925-2005) sem teknar voru víðsvegar um Hafnarfjörð sumarið 1945. Hins vegar var ljósmyndasýningin *Friðals* sett upp sem unnin var í samvinnu við NPA miðstöðina en þar voru ljósmyndir eftir Hallgrím Guðmundsson. Þeirri sýningu var ætlað að skapa jákvæðar fyrirmyndir af fötluðu fólki fyrir fatlað fólk sjálft og sýna fram á, í máli og myndum, að þegar hindrunum er rutt úr vegi og viðeigandi aðstoð veitt er fatlað fólk, líkt og ófatlað fólk, jafn fært um að vera friðlást og lifa sjálfstæðu lífi.

VIÐBURÐIR

Byggðasafn Hafnarfjarðar var þátttakandi í þremur stærri viðburðum á árinu, safnanótt, björtum dögum og hátíð Hamarskotslækjar.

SAFNANÓTT

Safnanótt, sem er hluti af Vetrarhátíð höfuðborgarstofu, var haldin 10. febrúar og voru hús safnsins þá opin frá klukkan sjö og fram til miðnætis. Var boðið uppá leiðsagnir um sýningarnar auk þess sem gestum gafst kostur á að taka þátt í gjörning sem bar heitið *Magnað myrkur 16 ljósa kraftur*. Gjörningurinn tengist þeim merka atburði er fyrsta almenningsrafveitan á Íslandi tók til starfa í Hafnarfirði árið 1904. Gjörningurinn var samstarfsverkefni Byggðasafnsins og Iðnskólans í Hafnarfirði. Þá sat sagnahúlan Sigurbjörg Karlsdóttir í Sívertsens-húsinu og sagði gestum í þessu elsta húsi bæjarins, stuttar magnaðar sögur af myrkrinu.

BJARTIR DAGAR

Á lista- og menningarhátíðinni Björtum dögum voru viðburðir á vegnum Byggðasafnsins og tengdir því. Ber þar fyrst að telja að þemasýning ársins í Pakkhúsinu „*I anda kapólskerar manniðar, saga St. Jósefs-spítala*“ var opnuð og sýningar safnsins voru opnar fram á kvöld á fimmtudeginum í viðburðinum „*gakkstu í bæinn*“. Á afmælisdegi Hafnarfjarðar 1. júní, stóð Annríki – Þjóðbúningar og skart, í samvinnu við Byggðasafnið fyrir Þjóðbúningadegi í Gúttó. Var þar haldin Þjóðbúningakynning sem mæltist afar vel fyrir en þar voru til sýnis fjöldi búninga

s.s. fald- og skautbúningar, kyrtlar, upphlutir, peysuföt, herrabúningar og barnabúningar en nemendur Annríkis í Þjóðbúningasaum sýndu einnig verk sín og fræddu gesti um handverkið. Þá var einnig í Gúttó dagskráin „*Aðgát skal böfð*“ um Ragnheiði Jónsdóttur rithöfund. Flytjendur voru dóttir Ragnheiðar, dótturdóttir og dótturdótturdóttir, þær Sigrún Guðjónsdóttir myndlistarmaður, Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur og Kolbrún Anna Björnsdóttir leikkona. Að lokum var boðið uppá „*Krakkar, krákur og kartöflugarðar*“ sem var söngtónleikar með leikrænum myndasögum. Flytjendur voru Ívar Helgason og Agnar Már Magnússon en segja má að þar hafi mæst skopmynda-sögur og ljóðatónlist í skemmtilegri fléttu.

17. JÚNÍ

Á 17. júní voru öll hús safnsins opin og auk þess sem Annríki stóð fyrir Þjóðbúningakaffi í Gúttó í samvinnu við Byggðasafnið. Íbúar Hafnarfjarðar voru þá hvattir til að klæðast Þjóðbúningum á 17. júní og af því tilefni boðið í kaffi í Gúttó. Boðið var upp á aðstoð við að festa húfur, setja upp sjöl og fleira sem tengist Þjóðbúningunum áður en gengið var fylktu liði að Helligerði þar sem hátíðardagskráin hófst.

ÞJÓÐBÚNINGADAGUR

Á Þjóðbúningadegi sunnudaginn 2. desember stóð Annríki í samstarfi við Byggðasafn Hafnarfjarðar að Þjóðbúningasamkomu í

Gúttó. Nemendur á námskeiðum Annríkis voru útskrifaðir auk þess sem búningar af öllum starðum og gerðum voru sýndir og handverkið á bak við þá kynnt.

HÁTÍÐ HAMARSKOTSLÆKJAR

Þann 16. desember stóð Steinunn Guðnadóttir, meistaranemi í mennta- og menningarstjórnun, fyrir „*Hátíð Hamarskotslækjar*“ en hluti þeirrar dagskrá fór fram í Gúttó og var unnin í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar. Boðið var uppá fyrirlestra og kvikmyndasýningu um virkjun Hamarskotslækjar í Hafnarfirði og frumkvöðulinn Jóhannes Reykdal. Auk þess sem sett var upp lítil sögusýning sem varpaði ljósi á þessa fyrstu almenningsrafveitu á Íslandi ásamt þróun vatnsveitu bæjarins.

JÓLADAGSKRÁ


Jóladagskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar stóð yfir í tvær vikur og er miðuð að leikskóastiginu. Hún fer þannig fram að leikskólabörnum er boðið í heimsókn í Sívertsens-húsið þar sem þeim var sagt frá jólahaldinu þegar Bjarni, Rannveig, Sigurður og Járngerður Júlía bjuggu í húsinu fyrir um 200 árum. Þá var þeim til dæmis sagt frá eplunum og heimsókn danska krónprinsins sem þáði súkkulaði með rjóma. Sagðar voru sögur af lífinu og tilverunni á þeim tíma og að lokinni skoðunarferð um húsið slóst í hópinn rammíslenskur jólasveinn sem sagði börnunum skemmtilegar sögur af sjálfum sér og bræðrum sínum auk þess að syngja, dansa og sprella með börnunum. Um 1.800 leikskólabörn tóku þátt í dagskránni að þessu sinni.



G E S T A F J Ö L D I

Fjöldi gesta er sótti safnið heim á árinu 2012 var sambærilegur við þá þróun sem verið hefur í gestakomum á safnið undanfarin ár. Fjöldun gesta á milli árunna 2011 og 2012 var um 2,5% og var heildargestafjöldi ársins 20.940 manns. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun gestafjöldans undanfarin ár en þess ber þó að geta að þjónustu tími safnsins er minni nú en var á árunum 2008 og 2009 en þá var opið fram á kvöld á fimmtudögum, Bungalowið

opið um helgar á vetrum og sumarsýningar settar upp í Gúttó. Yfir sumarmánuðina skiptist gestirnir árið 2012 þannig að um þriðjungur þeirra er útlendingar en um 67% Íslendingar. Hluttur Íslendinga eykst enn ef gestatölur yfir veturinn eru skoðaðar og er þá kominn í um 93%. Stafar það ekki síst af fjölda skólahópa er sækja safnið heim. Sem dæmi um skólahópa má nefna að um 1.800 leikskólabörn komu á jóladagskrá safnsins í desember.



H Ú S A S K R Á N I N G

Bygðasafn Hafnarfjarðar er tengiliður Hafnarfjarðarbæjar við Húsafríðunarnefnd ríkisins og sér um húsa-skráningu í Hafnarfirði auk annarra verkefna er til falla vegna byggingararfsins í bænum. Er þessi vinna unnin í góðri samvinnu við skipulags- og byggingadeild bæjarins enda er húsa-skráning ein af forsendum



þess að deiliskipulag sé löglegt. Á árinu 2012 var einum unnið að skráningu húsa í suðurbæ Hafnarfjarðar vegna deiliskipulagsvinnu á því svæði en einnig veitti safnið Húsafríðunarnefnd um-sagnir vegna verndaðra húsa í bænum er sótt hafði verið um leyfi til breytinga á.


F O R N L E I F A S K R Á N I N G

Bygðasafn Hafnarfjarðar er tengiliður bæjarins við Fornleifavernd ríkisins og sér um fornleifaskráningu í landi bæjarins auk annarra verkefna er til falla varðandi fornleifar á svæðinu. Er þessi vinna unnin í góðri samvinnu við skipulags- og byggingadeild bæjarins enda verður fornleifaskráningu að vera lokið til að deiliskipulag verði löglegt. Á árinu 2012 var unnin fornleifaskráning á fimm svæðum í bæjarlandinu. Fyrst ber að nefna fornleifaskráningu vegna færslu Reykjanesbrautar í landi Öttarsstaða, Straums og Þorbjarnarstaða. Þá voru unnar fornleifaskráningar við Kaldársel, í Hamranesnámu og í vesturbæ Hafnarfjarðar vegna deiliskipulagsvinnu á þeim svæðum. Fornleifaskráning var unnin vegna mismögla gatnamóta á Reykjanesbraut

við álverið í Straumsvík í landi Lambagerðis og Þorbjarnarstaða en þar sá safnið einnig um eftirlit með merkingu fornleifa á framkvæmda-svæðinu og vöktun vegna jarðvegsvinnslu þar sem talið var að hleðslur gætu leynst undir sverðinum. Þá stóð safnið að fornleifa-uppgrefti í Krísuvík vegna endurgerðar Krísuvíkurkirkju. Áætlað hafði verið að hreinsa ofan af hleðslum sem voru undirstöður undir gömlu kirkjunni en nota átti þær hleðslur sem undirstöður fyrir nýju kirkjunni. Við þá vinnu komu í ljós aðrar hleðslur er liggja utan við þær hleðslur sem voru undirstöður undir gömlu kirkjunni. Þá kom einnig í ljós hellugólf undir moldar- og malarlagi sem liggur yfir kirkjugrunninum. Þessari rannsókn er ekki lokið en gert er ráð fyrir að halda verkinu áfram sumarið 2013.

PEEP – GRUNDTVIG

Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur undanfarið tvö ár verið í evrópsku samstarfi er nefnist PEEP, eða Promoting Early European Photography. Verkefni þetta er styrkt af Grundtvig áætlun Evrópubandalagsins og er samvinnuverkefni þriggja landa: Íslands, Bretlands og Slóvakíu. Verkefnið snéri fyrst og síðast að þremur atriðum, fullorðinsfræðslu, sjálfbodaðavinnu og varðveislu ljós-



myndaarfsins. Samstarfsaðilar Byggðasafns Hafnarfjarðar í verkefninu voru Hereford Museum Resource and Learning Center í Englandi, Swansea National Waterfront Museum í Wales og Slovak Central Observatory í Hurbanovo í Slóvakíu. Á árinu 2012 lauk verkefninu formlega með opnun ljósmyndasýningar í Swansea National Waterfront Museum og var þar að finna um 100 ljósmyndir

frá löndunum þremur sem varpa ljósi á sögu og menningu þeirra á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Þriðjungur ljósmyndanna var frá Byggðasafni Hafnarfjarðar og voru þær eftir ljósmyndarana Önnu Jónsdóttur (1892-1987), Guðbjart Ásgeirsson (1889-1965) og H. W. Friis (1870-1936) sem var norskur útgerðarmaður er dvaldi í Hafnarfirði í upphafi 20 aldar.

VINNANDI VEGUR

Á árinu 2012 fékk Byggðasafn Hafnarfjarðar liðsauka er fólst í starfsmanni í gegnum átakið *vinnandi vegur*. Vinnandi vegur var sameiginlegt átak samtaka atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins þar sem ávinningur allra var hafður að leiðarljósi. Um leið og atvinnurekendur var gert kleift að nýræða starfsfólk var atvinnuleitendum gefið tækifæri til þátttöku í atvinnulífinu. Með þátttöku í Vinnandi vegi átti safnið

kost á styrk með ráðningu nýs starfsmanns úr hópi atvinnuleitenda en átakið beindi sjónum sínum sérstaklega að einstaklingum sem verið höfðu án atvinnu lengur en 12 mánuði. Verkefni þess starfsmanns, er ráðinn var til safnsins með þessum hætti, snéri fyrst og síðast að ljósmyndasafni Byggðasafnsins en starfsmaðurinn gekk þó einnig í hin ýmsu önnur störf á safninu svo sem sýningagerð og mótöku gesta.



LJÓSMYNDASAFNIÐ

Á Byggðasafni Hafnarfjarðar er varðveitt stórt og mikið ljósmyndasafn sem unnið er við að skrásetja. Ljósmyndasafn þetta samanstendur af glerplötum, pappírsmýndum, filmum, skygnum auk vegabréfa og ökuskýrteina. Undanfarið ár hefur verið unnið að skráningu þess í forritið Mynddís og var því haldið áfram á árinu. Megin áherslan hefur verið á Skönnun, skráningu og þökkun glerplatna Önnu Jónsdóttur ljósmyndara sem starfaði í Hafnarfirði á árunum 1930-1962. Þá hefur verið unnið í samvinnu við blaðið „Hafnarfjörður, Álftanes, Vogar“ þar sem myndir eru birtar og óskað er eftir upplýsingum um fólk í þeim. Unnið var úr innsendum upplýsingum

og þær notaðar við skráningu myndanna auk þess sem þær eru birtar aftur í blaðinu þegar þær þykja fullnægjandi.

Á hverju ári vex ljósmyndasafnið nokkuð og var safninu gefnar um 870 ljósmyndir árið 2012 sem flestar hafa verið skannaðar, skráðar og frá gengnar. Eins og áður segir eru myndirnar skráðar í Mynddís en á árinu 2012 byrjaði Byggðasafn Hafnarfjarðar að vinna með sameiginlegt skráningarforrit minjavörslunnar á Íslandi, Sarp en það er enn á tilraunastigi á safninu. Á árinu var einnig reynt að ýta úr vör átaki við skráningu og varðveislu samtímaljósmynda er tengjast starfi og verkefnum hina ýmsu stofnana bæjarins en það verkefni hefur ekki enn náð flugi.

S A F N A U K I



Á árinu 2012 barst safninu gjafir frá 26 aðilum og voru það ekki síst munir frá fyrri hluta 20. aldar sem bárust safninu. Má þar nefna tvö dúkkuhús, annað heima-smíðað en hitt danskt, hljómplötur, sjókort, hermannahjalma, fatnað og húsbúnað, tvinnaskáp úr versluninni Skemmunni, altarisklæði kertastjaka, kórstóla og sérbikara fyrir altarisgöngu frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði auk margra annarra eigulegra muna sem styrkir safnkost Byggðasafnsins. Á árinu var áfram

unnið að ljósmyndun, skráningu og frágangi munasafnsins og skipulagi og frágangi muna á lager safnsins að Hringhelli. Þá má geta þess að upp voru settir sýningaskápar í Pakkhúsinu þar sem nýfengin aðföng eru sýnd og er þar að sjá muni af öllum stærðum og gerðum. Hugmyndin á bak við þetta er að vekja athygli sýningagesta á því að stakir hlutir úr daglegu lífi geta einnig verið safngripir og margir stakir gripir geta myndað ákveðna heild eftir að á safn er komið.

F A C E B O O K

Á árinu 2012 opnaði Byggðasafn Hafnarfjarðar facebook-síðu sem notuð er til að vekja athygli á menningararfi bæjarins og starfsemi safnsins. Þar eru birtar gamlar ljósmyndir, gamlar fréttir úr sögu bæjarins svo sem af "þrettándaóeirðum" í Hafnarfirði 1970, þegar tigrisdýr ollu umferðaröngþveiti í bænum, þegar Gullfoss lagðist

að nýju hafskipabryggju Hafnarfirðinga og þegar Rafha tók að framleiða eldhúsviftur. Þá má finna þar gamlar auglýsingar frá hafnirskum fyrirtækjum auk þess sem síðan er notuð til að flytja fréttir af starfsemi safnsins, sýningum og viðburðum o.s.frv. Þessi viðbót hefur mælst mjög vel fyrir og er heimsóknunum á síðuna sífellt að fjölga.



